


BLÆÐING FRÁ LEGGÖNGUM Á FYRSTA ÞRIÐJUNGI MEÐGÖNGU

ICD-10 greining:

O20.0 Blæðing snemma í þungun (að 22v.)

Blæðing er algeng snemma á meðgöngu og getur verið meinlaus. Blæðing getur þó verið merki um yfirvofandi fósturlát eða jafnvel þungun utan legs. Alltaf er ástæða til að leita ráða hjá heilbrigðisstarfsfólki, t.d. á netspjalli Heilsuveru eða á heilsugæslustöð.

Oft er erfitt að finna orsök blæðingar mjög snemma á meðgöngu og getur þurft að fylgja konunni eftir um tíma uns endanleg greining fæst. Aðferðir við greiningu byggja einkum á eftirfarandi þáttum: einkennum, klínísku mati, ómun og í sumum tilvikum mælingum á þungunarhormóni (βHCG).



Greining og meðferð er gjarnan í samvinnu heilsugæslu og kvennadeildar og /eða kvensjúkdómalækna á stofu.

Heilbrigðisstarfsfólk getur ráðfært sig við vakthafandi hjúkrunarfræðing, á Móttökudeild Kvennadeildar Lsp í síma 824-8141 frá kl. 8 til 16 eða vakthafandi hjúkrunarfræðing ljósmóður, lækni í viðkomandi heilbrigðisumdæmi.

GREININGAR VIÐ BLÆÐINGU FRÁ LEGGÖNGUM Á FYRSTA ÞRIÐJUNGI MEÐGÖNGU

Fósturlát.

Um það bil fimmtungur allra þungana endar með fósturláti og er blæðing oft fyrsta einkennið. Langflest fósturlát eiga sér stað snemma á fyrsta þriðjungi meðgöngu og verða vegna alvarlegra galla þannig að fóstrið er ekki lífvænlegt. Þegar hjartsláttur hefur sést við sónarskoðun er fóstrið talið lífvænlegt og hættan á fósturláti er þá komin niður í 3%.

Ef fósturlát er staðfest fer meðferð eftir lengd meðgöngu, einkennum og óskum konu. Til greina kemur að bíða eftir að legið tæmi sig sjálf, taka lyf sem flýta því að legið tæmi sig eða tæma legið með aðgerð.

Utanlegspungun

Hér er átt við þungun sem er ekki í legholinu, oftast í eggjaleiðurum. Tíðnin er talin vera um það bil 1 af hverjum 100 þungunum. Utanlegspungun gefur nær alltaf einkenni fyrr eða síðar og hefur ekki möguleika á að dafna eins og eðlileg þungun. Hún getur ógnað lífi og heilsu móður. Því þarfnast hún oftast meðhöndlunar, annað hvort með lyfjum eða skurðaðgerð.

Einkenni utanlegspungunar geta verið eftirfarandi:

- Blæðing eða brúnleit útferð
- Krampakenndir kviðverkir og/eða sárir verkjastingir öðrum megin í kvið
- Verkur sem leiðir upp í öxl og/ eða þrýstingur á endaparm
- Svimi og yfirið
- Ógleði, uppköst og/eða niðurgangur

Sérstaklega þarf að útiloka utanlegspungun hjá konum sem eru þungaðar með lykkju, með fyrri sögu um utanlegspungun, tvær eða fleiri klamydiusýkingar eða aðgerð á eggjaleiðurum.

Ef þungun hefur verið staðfest í legi er ekki grunur um utanlegspungun.

Aðrar orsakir fyrir blæðingu.

Blæðing frá leghálsi eða legi (bólga, slímhúðarsepar, viðkvæm slímhúð, hreiðurblæðing ofl.) þar sem fóstrið er lífvænlegt.